

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1918.

Stefán Kristjánsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1918.

---

S k ó g a r h ö g g:

Í Vaglaskógi var höggvið á árinu:

Eldiviður	4.787 1/2 hestburðir	
Birgðir f. f. ári	24 1/2 "	4.812 hestb.
Selt á árinu, efni- og eldiviður	629 "	
Eldiviður skógarv.	185 "	
Til kolagerðar	26 "	
Leyft högg (eldiv. )	3.410 "	4.250 "
Fyrirliggjandi um nýjár		<u>562 hestb.</u>

Enn fremur eru fyrirliggjandi nú um áramótin 1700 smástaurar, birktir, hentugir í girðingu.

Kolagerð.

Ennfremur hafa verið sviðin um 1700 kg. af viðarkolum. Þar af hafa verið seld hér 40 kg., send skógræktarstjóra 287 kg. og til hér um áramótin 1400 kg., sem senda átti til Reykjavíkur með Sterling í desember, en ekki fengust flutt vegna þess að skipið tók engar vörur til Reykjavíkur sökum influensuveikinnar.

Viður sá, sem gekk til þessarar kolagerðar, er ekki talinn með hér að framan að undanskildum 26 hestb., sem höggur voru í vor, enda er högg og önnur vinna við hann talin til kolagerðarinnar. Ætla má að með limi og öðru affalli hafi alls gengið til þessarar kolagerðar 150 - 170 hestburðir af nýhöggnum viði.

Þau rúm 300 kg. kol, sem sviðin voru fyrst í haust, voru brennd úr viði höggnum í vor, sem talinn er hér að framan.

G r æ ð i r e i t u r:

---

Afhent var úr reitnum:

Birki	6.010 stk.
Reynir	309 -
Lerki	3.032 -
Fjallafura	32 -
Ribs	8
Alls	<u>9.391 stk.</u>

Af þessum plöntum voru skógræktarstjóra sendar til Reykjavíkur í vor 5100 birkiplöntur, 2400 lerkiplöntur og 150 reyniplöntur.

Dreifplantað var:

Birki	4/0	9.800 stk.
Reynir		<u>1.000 -</u> 10.800 plöntur.

Af birkifræi var sáð 4 kg., sem virtist koma samilega vel upp.

Gróðursetning:  
-----

Í skóginum voru gróðursettar um 150 lerkiplöntur á Flatagerði, þar sem allmikið hafði dáið út af þeim plöntum, sem þar voru gróðursettar vorið 1917, og þar sem lífsmark var með, voru mikið skemdar eftir veturinn í fyrra og óvíst hvort þar rétta aftur eða ekki.

Ýmislengt:  
-----

Sumarið hefir verið sérlega óhagstætt fyrir allan gróður, og vöxturinn á trjánnum bæði í skóginum og græðireitnum afar lítill og alls ekki neitt fræ náð þroska, sem ekki hefir komið fyrir í mörg ár. Trjámaður sá sem gert hefir vart við sig fyrirfarandi ár virtist mun minni í sumar en í fyrra og gerði alls engan skaða að þessu sinni.

Vöglum 15. jan. 1919.

Stefán Kristjánsson.